

Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels

Ákvörðun um matsskyldu

1. Inngangur

Þann 27. janúar 2026 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Six Rivers Iceland ehf. um áformaða endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði, Langanesbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Langanesbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Lands og skógar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Rarik.

2. Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurheimt skóglendis og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði, sveitarfélaginu Langanesbyggð. Matsskyldufyrirspurn. Six Rivers Iceland ehf. Janúar 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Langanesbyggð dags. 3. febrúar 2026.
- Fiskistofu dags. 6. febrúar 2026.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 13. apríl 2026.
- Landi og skógi dags. 4. mars 2026.
- Náttúrufræðistofnun dags. 3. mars 2026.
- Náttúruverndarstofnun dags. 3. mars 2026.
- Rarik dags. 26. febrúar 2026.

Ekki barst umsögn frá Minjastofnun Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 13. mars 2026.

3. Flutningur verkefna Skipulagsstofnunar

Á meðan málsmeðferð stóð yfir fluttust verkefni Skipulagsstofnunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem á sama tíma fékk heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar er því gefin út af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) en móttaka tilkynningar var í höndum Skipulagsstofnunar.


4. Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í skógrækt og landgræðslu á um 350 ha svæði, að uppistöðu með innlendum lauftegundum, til endurheimtar skóg- og kjarrvistkerfa í landi Miðfjarðarnessels sem tapast hefur eftir landnám.

Ræktað verður upp fjölbreytt skóg- og kjarrlendi þar sem birki og víðir (gulvíðir og loðvíðir) eru ríkjandi tegundir. Til að auka líffræðilega fjölbreytni, álagspól og fagurfræðilegt gildi vistkerfisins verður reyniviður einnig gróðursettur í bland. Á snauðustu svæðum og við erfiðustu aðstæður er fyrirhugað að nýta lerki í um fjórðungs blöndunarhlutfalli til að styðja við og fóstira birki og víði og flýta þannig endurheimt skóglendis og auka við möguleika á endurheimt skóglendis á illa rofnum svæðum. Þá er einnig fyrirhugað að rækta örlítið af greni í litlum lundum á völdum stöðum til að auka enn á fjölbreytni skógarins og litadýrð. Áætluð hlutfallsleg samsetning trjá- og runnategunda verður eftirfarandi:

- Birki - 50%
- Víðir - 20%
- Lerki - 10%
- Elri - 10%
- Reyniviður - 7%
- Blágreni - 3%

Engin jarðvinnsla, slóðagerð eða annað jarðrask er fyrirhugað. Allar plöntur verða handgróðursettar í órofna gróðurþekju. Smáskammtur af seinleystum áburði, um 5 g á plöntu (7 – 10 kg/ha), verður settur í gróðursetningarholu hvernar plöntu, að elri undanskildu.



Mynd 1. Afstöðukort af Miðfjarðarnesseli í Langanesbyggð (úr greinargerð framkvæmdaraðila).

5. Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Six Rivers Iceland ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vatnavistkerfi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram straumvatnshlotin Miðfjarðará – 102-1366-R og Litla-Kverká – 102-1360-R liggja innan eða við jaðar framkvæmdasvæðisins. Vistfræðilegt umhverfismarkmið beggja vatnshlota sé skilgreint sem „mjög gott“, þó áreiðanleiki flokkunar sé sagður lítill og þörf á frekari gögnum. Efnafræðilegt markmið sé „gott“. Svæðið sé jafnframt innan grunnvatnshlotsins Þistilfjörður – 102-145-G, þar sem markmið fyrir bæði magnstöðu og efnafræðilegt ástand séu „góð“. Fyrirhuguð skógrækt og landgræðsla felur ekki í sér jarðrask, framræslu eða aðrar framkvæmdir sem raskað geta vatnafarinu beint. Öll votlendissvæði séu undanskilin framkvæmdinni og verður hvorki gróðursett í þau né þeim raskað.

Heildaráhrif framkvæmdarinnar á vatnavistkerfi séu því talin felast fyrst og fremst í hægfara breytingum til lengri tíma, sem tengjast öflugri gróðurþekju og breyttu samspili lands og vatns, fremur en skyndilegum eða beinum áhrifum á vatnsgæði, vatnafar eða lífríki ána.

Í umsögnum Hafrannsóknarstofnunar og Fiskistofu er lögð áhersla á mikilvægi skipulagðar langtímavöktunar á samspili skógræktar og vatnalífs samhliða framkvæmdum. Slík vöktun sé mikilvæg til að meta árangur verkefnisins og auka þekkingu sem nýtast mun fyrir framtíðarskipulag landgræðslu og skógræktar á svæðinu sem og annars staðar á landinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ár, og jafnvel áratugir, geta liðið þar til sjá má marktækar breytingar í þá átt sem vonast sé eftir. Á meðan verður þróunin vöktuð markvisst og vonir standa til að þau gögn nýtist síðar öðrum einstaklingum og samtökum sem ráðast í svipuð verkefni. Sumar vaktanir verða framkvæmdar árlega eða oftar, en aðrar sjaldnar. Markmiðið sé að greina breytingar í ánum og umhverfi þeirra, hvort sem þær stafa af náttúrulegum orsökum, loftslagsbreytingum eða af framkvæmdum á framkvæmdaraðila.

Áhrif á gróður og vistkerfi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að með gróðursetningu að mestu innlendra lauftegunda og beitarfriðun sé gert ráð fyrir að hægfara gróðurframvinda eigi sér stað yfir marga áratugi. Í upphafi mun gróska núverandi vistgerða eflast og rofdílar taka að gróa saman og jarðvegur bindast, samhliða því sem trjá- og runnaplöntur komast á legg. Með tímanum mun samsetning plöntutegunda breytast og þróast í átt að skóg- og kjarrlendi.

Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir svæðið sé byggð á fjarkönnun og gefur grófa mynd af aðstæðum. Í vettvangsathugun framkvæmdaraðila kom fram að skil milli votlendis og þurrlendis á vettvangi séu yfirleitt nokkuð skýr. Eingöngu verður gróðursett í þurrlendisvistgerðum. Áhrif á gróður og vistkerfi felast þannig í stýrðri og hægfara

vistkerfisþróun, þar sem breytingar á tegundasamsetningu eiga sér stað yfir langan tíma án þess að rask verði á viðkvæmum vistgerðum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að þó nokkuð votlendi finnst á svæðinu og þar af leiðandi vistgerðir með hátt verndargildi eins og starungsmýravist, runnamýravist á láglandi og brokflóavist. Mælist stofnunin til þess að gróðurfar og vistgerðir á svæðinu verði kortlagðar áður en farið sé í frekari framkvæmdir. Einnig mælist stofnunin til þess er varðar áform um tegundarval að ekki sé æskilegt að notast við lerki, elri og blágreni, auk þess sem stofnunin bendir á að elri geti breitt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar kringumstæður hérlendis. Einnig mælist stofnunin til þess að lerki og greni verði ekki gróðursett á svæðinu. Verði erlendar tegundir gróðursetta ætti að setja skilyrði um að framkvæmdaaðili vakti og uppræti trjáplöntur sem kunna að dreifa sér út fyrir skilgreint ræktunarsvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær framandi tegundir sem fyrirhugað sé að nota í verkefninu séu, að svo stöddu, ekki taldar ágengar. Flestar þeirra séu hugsaðar sem frumherjategundir og gert sé ráð fyrir að þær víki með tímanum fyrir innlendum tegundum. Elri sé til að mynda nytsamleg landgræðsluplanta þar sem hún bindur nitur í jarðvegi í samlífi við niturbindandi bakteríur. Hún skilar einnig mikilli orku í vatnavistkerfið þar sem lauf hennar falla græn og nýtast vel sem fæða fyrir smádýr sem síðar verða fæða seiða. Hvorki elri, lerki eða greni séu talin líkleg til að sá sér í verulegum mæli út frá fyrirhuguðum notkunarsvæðum. Framkvæmdaraðili sé meðvitaður um vinnu sem Land og skógur hóf haustið 2025 þegar skipaður var vinnuhópur um tegundaval í landgræðslu og skógrækt. Gert sé ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum og leiðbeiningum á þessu ári og munu fyrirhuguð áform verða endurskoðuð hvað varðartegundaval og aðgerðir með tilliti til þeirra niðurstaðna þegar þær liggja fyrir.

Varðandi vöktun þá er fyrirhugað nú sem áður að fylgjast með og vakta ýmsa þætti sem tengjast lifun gróðursettra plantna sem og vöxt og viðgang gróðurs í þessu verkefni sem og öðrum skógræktar- og landgræðsluverkefnum á vegum framkvæmdaraðila.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að breytingar á gróðurfari muni hafa áhrif á fuglalíf á svæðinu til lengri tíma. Gera megí ráð fyrir að útbreiðsla skógar- og kjarrlendis leiði til fækkunar sumra mólendisfugla innan framkvæmdarsvæðisins, á sama tíma og tegundum sem kjósa skóg- og kjarrlendi muni fjölga. Votlendis- og vaðfuglar séu taldir verða fyrir óverulegum áhrifum þar sem votlendi séu undanskilin framkvæmdinni og náttúruleg vatnsstaða þeirra verður óbreytt. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf séu því talin felast í breytingum á búsvæðasamsetningu til lengri tíma, fremur en í beinni röskun á varp- eða búsvæðum viðkvæmra tegunda.

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar og Náttúruverndarstofnunar kemur fram að stofnanirnar telja að hlífa eigi vel grónu mó- og votlendi ekki síst vegna mikilvægis þess sem búsvæðis ýmissa fuglategunda, t.d. heiðlóu og spóa. Eigi þetta einkum við mólendi í nágrenni við votlendi, en votlendi hefur jákvæð áhrif á fuglalíf langt út fyrir mörk sín. Náttúrufræðistofnun

telur í ljósi stærðar svæðisins að leggja ætti mat á varppéttleika innan þess og ræktunaráætlun útfærð nánar með tilliti til þeirra svæða sem séu fuglaríkust. Þó nokkuð af vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi finnast á svæðinu sem falla undir Bernarsamninginn. Þessar vistgerðir hýsa iðulega fuglategundir sem eiga undir högg að sækja og Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á.

Í svörum framkvæmdaraðila varðandi búsvæði fugla þá kemur fram að tekið verði tillit til ábendinga um heiðlóu og spóa á mólendi. Engin áform séu um að gróðursetja í votlendi eða votlendisjaðra þar sem lóupræll gæti verpt.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ræktun skógar og kjarrs muni með tímanum breyta ásynd landsins. Breytingarnar verða hægfara og eiga sér stað yfir áratugi. Skógurinn mun laga sig að landslagi, náttúrulegum formum og votlendum og mynda óregluleg jaðarsvæði. Til lengri tíma sé gert ráð fyrir að landslag taki á sig svip sem líkist náttúrulegum birkiskógum og kjarrlendum sem talið sé að hafi verið algeng fyrir landnám. Áhrif á landslag og ásynd séu bundin við hægfara þróun yfir langan tíma sem líkist náttúrulegri gróðurframvindu og þróun vistkerfa, án þess að um snöggar eða afgerandi breytingar á ásynd svæðisins sé að ræða.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi verið framkvæmd á jörðinni vor og sumar 2025. Allar skráðar fornleifar verða sýndar á kortum ásamt 15 m helgunarsvæði. Gróðursetning verður ekki heimil innan helgunarsvæða og verður staðið þannig að framkvæmdum að fornleifar verði ekki fyrir raski. Áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar séu því talin hverfandi að teknu tilliti til fyrirhugaðra varúðarráðstafana.

6. Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Langanesbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn allt að 100 m frá bakka sem getur haft áhrif á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er leyfisskyld af hálfu Fiskistofu á grundvelli laga um lax- og silungsveiði.

Finnist forminjar á svæðinu eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum ber framkvæmdaraðila að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands og fá samþykki fyrir því skv. lögum um menningarminjar.

7. Niðurstaða

Um er að ræða áform um skógrækt og landgræðslu í landi Miðfjarðarnessels við Miðfjörð í Langanesbyggð á um 350 ha svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um

matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingar náttúruauðlinda, einkum lands, jarðvegs og vatns, og líffræðilegri fjölbreytni sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd sem felur í sér skógrækt og landgræðslu á um 350 ha svæði sem ber að hluta til ummerki mannlegra athafna auk þess sem þar má finna nokkuð umfangsmikið votlendi og gróðurþekju sem virðist víða órofin. Áformað er að gróðursetja að mestu innlendar lauftegundir og ekki verður notast við vélar við jarðvinnslu við gróðursetningu heldur verða allar plöntur handgróðursett í órofna gróðurþekju. Ekki þarf að ráðast í vegagerð eða aðrar stórtækar aðgerðir við framkvæmdina. HMS telur jákvætt að þessi áform um skógrækt taki mið af því að notast að mestu við innlendar trjátegundir auk þess sem það er jákvætt hvernig fyrirhugað er að standa að gróðursetningu. Hins vegar hefur Náttúrufræðistofnun lýst áhyggjum yfir því í umsögn sinni að áformað sé að gróðursetja lerki, elri og blágreni og telur stofnunin ekki æskilegt að þessar tegundir verði notaðar, þar sem þær kunni að dreifa sér út fyrir skilgreint ræktunarsvæði. HMS telur æskilegt að tekið verði tillit til athugasemda Náttúrufræðistofnunar varðandi notkun á tegundum sem geta reynst ágengar í íslenski náttúru.

Að mati HMS felast helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar í áhrifum á fuglalíf og ásýnd. Ljóst er að yfirbragð svæðisins, sem er frekar gróðurýrt og einkennist af melum og mólendi, kemur til með að breytast með tilkomu skóg- og kjarrlendis. Sá mólendisgróður sem fyrir er mun víkja þegar fram líða stundir og mófuglar og vaðfuglar koma smám saman til með að missa búsvæði sín en í stað þeirra koma væntanlega tegundir skógarfugla. HMS hvetur til þess að talning á varppétteleika innan áhrifasvæðisins fari fram líkt og Náttúrufræðistofnun mælist til og að gróðurfar og vistgerðir verði kortlagðar á svæðinu áður en farið verði í framkvæmdir, sér í lagi í ljósi þess að þó nokkuð er af vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi sem finnst á svæðinu sem falla m.a. undir skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum um villtar plöntur og dýr og búsvæði þeirra í Evrópu. HMS bendir á að votlendi yfir 2 ha nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Í náttúruverndarlögum segir um bakkagróður að við vatnsnýtingu og

framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi. HMS leggur áherslu á að forðast verði að raska votlendi og telur að í framkvæmdaleyfi eigi að kveða á um að fyrir liggi kortlagning á votlendisvæðum sem njóta sérstakrar verndar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar áður en framkvæmdir hefjast og að óheimilt verði að planta í slíkt votlendi.

Fyrir liggur að áform framkvæmdaraðila fela ekki í sér jarðrask, framræslu og aðrar framkvæmdir sem raskað geta vatnafari svæðisins með beinum hætti og ekki verður gróðursett í votlendi eða því raskað. HMS telur í ljósi ofangreinds og út frá umfangi og eðli framkvæmdarinnar að ólíklegt sé að áhrif verði neikvæð á vatnshlot svæðisins.

HMS telur brýnt að áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út hafi niðurstöður fornleifaskráningar, ásamt tillögum framkvæmdaraðila að mótvægisáðgerðum, verið bornar undir Minjastofnunar Íslands.

HMS ítrekar mikilvægi þess að þeir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins sem og vöktun og mótvægisáðgerðir þannig að framkvæmdin muni ekki að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Að mati HMS kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. maí 2026.

Reykjavík, 28. apríl 2026

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag




Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**

* Rafræn skilríki

HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag



Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**